

1987 nr. 4 19. febrúar**Lög um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland**

Tóku gildi 17. september 1987. Breytt með L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005).

■ **1. gr.** Stofna skal Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd) samkvæmt samningi milli ríkisstjórna Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar og landsstjórna Færeyja og Grænlands sem undirritaður var á Höfn í Hornafirði hinn 19. ágúst 1986.

■ **2. gr.** Sjóðurinn skal undanþeginn ákvæðum laga nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála,¹⁾ svo og annarra laga er setja kunna hömlur á greiðslur í erlendum gjaldreyri, gjaldeyrisviðskipti eða heimildir til lántöku erlendis, að

svo miklu leyti sem slík ákvæði hindra eða torvela starfsemi sjóðsins eða efndir skuldbindinga hans.

¹⁾ *Nú l. 87/1992.*

■ **3. gr.** Sjóðurinn skal vera undanþeginn aðstöðugjaldi, landsútsvari, [tekjuskatti],¹⁾ svo og öðrum gjöldum sem lögð kunna að vera á tekjur, eignir eða veltu til ríkis eða sveitarfélaga.

¹⁾ *L. 129/2004, 50. gr.*

■ **4. gr.** Lánsamningar, sem sjóðurinn er aðili að, skulu vera undanþegnir stimpilgjöldum og öðrum gjöldum til hins opinbera.

■ **5. gr.** Lög þessi öðlast gildi um leið og samningur um stofnun Þróunarsjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland (hin vestlægu Norðurlönd).¹⁾

¹⁾ *Sbr. augl. C 2/1987 og C 17/1987.*